



Innviðaráðuneyti
b.t. skrifstofu húsnæðis- og skipulagsmála
Sölvhólsgötu 7,
101 Reykjavík
irn@irn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 29. ágúst 2023

Efni: Umsögn um grænbók um skipulagsmál, mál nr. 145/2023

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök iðnaðarins (SI) (hér eftir „samtökin“) hafa tekið til umsagnar grænbók um skipulagsmál, mál nr. 145/2023. Grænbókinni er ætlað að veita upplýsingar um núverandi stöðu landskipulagsstefnu, svara því hvernig gildandi landskipulagsstefna hefur reynst, hverjar eru helstu áskoranir til næstu fimmtán ára og sett fram tillaga að framtíðarsýn og drög að áherslum.

Samtökin fagna því að sett sé fram grænbók um skipulagsmál með þessum hætti og gefinn kostur á að framfæri athugasemdum á þessu stigi máls. Samtökin vilja koma á framfæri neðangreindum athugasemdum en áskilja sér þó að sjálfsögðu heimild til að koma á framfæri viðbótarathugasemdum þegar hvítbók er lögð fram.

I. Gerð mannvirkjastefnu

Innviðaráðuneyti hefur lagt ríka á áherslu á það að tryggja samhæfingu stefna og áætlana og fagna samtökin því. Er tiltekið í grænbókinni að stefnur í málaflokkum ráðuneytisins séu fimm talsins, þ.e. byggðaáætlun, samgönguáætlun, landskipulagsstefna, húsnæðisstefna og stefna í sveitarstjórnarmálum. Gera samtökin engar athugasemdir við það en líkt og fram kom í umsögn samtakanna um grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál, dags. 2. mars sl., telja samtökin mikilvægt að ráðast í heildstæða stefnumörkun í mannvirkjagerð, þar sem horft er á mannvirkjagerð hvers konar með heildstæðum hætti. Horft hefur verið á mannvirkjagerð með of þröngum hætti hingað til og vantar heildstæða sýn á það hvar, hvernig og hvenær mannvirkin skuli byggjast upp. Til þess þarf aðkomu fjölmargra aðila og nokkurra ráðuneyta. Telja samtökin eðlilegt og nauðsynlegt að sú stefnumörkun sé sett í forgrunn enda ljóst að væntanleg skörun hennar við stefnu á sviði skipulagsmála, sem og reyndar annarra stefna, verði mikil.

II. Flækjustig í skipulagsmálum hindrar uppbyggingu

Stjórnvöld eru með metnaðarfull markmið um uppbyggingu innviða, þar á meðal íbúðarhúsnæðis, samgönguinnviða og orkuinnviða. Róa þarf öllum árum að því að styðja við uppbyggingu framangreindra innviða og styðja þannig við samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og heimilin í landinu. Forsenda þess að markmiðin náist er sú að aukin sé skilvirkni í skipulagsmálum og ferlar séu einfaldaðir. Þrátt fyrir umbætur með nýjustu breytingunni á skipulagslögum í tengslum við uppbyggingu raforkuinnviða, þ.e. flutningskerfi raforku, þarf að gera meira.

Vísast hér m.a. til draga að langtímaáætlun Landsnets um þróun flutningskerfis raforku þar sem segir orðrétt að flutningskerfið á Íslandi er mikið lestað og er afhendingaröryggi víða á landinu stefnt í hættu af þeim sökum. Þunglestun kerfisins leiðir af sér aukna hættu á truflunum, t.d. sökum óstöðugleika (aflsveiflna), yfirálags og/eða spennuvandamála.¹

Skortir að mati samtakanna stöðumat í grænbókinni á flækjustigi skipulagsmála og möguleikum til einföldunar. Þrátt fyrir að fjallað sé um flækjustig í skipulagsmálum í einstaka málaflokkum, til dæmis á sviði húsnæðismála, þá er ljóst að horfa þarf jafnframt á stöðuna með almennum hætti og þar á meðal hvort endurskoða eigi stofnanaumhverfi skipulagsmála. Hafa samtökin m.a. talað fyrir fýsileika þess að sameina Skipulagsstofnun og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun en í því gætu falist mikil tækifæri til hagræðingar og einföldunar. Þá hafa samtökin talað fyrir því að einfaldaðir séu ferlar í tengslum við leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum en þessi málefni eru nátengd skipulagsmálum. Þar eru mikil tækifæri til að einfalda ferla og straumflínulaga til að bæta yfirsýn, draga saman verkþætti og stytta málsmeðferðartíma án þess þó að skerða þátttökurétt almennings og hagsmunaðila.


III. Engin umfjöllun um kvaðir á uppbyggingaraðila á skipulagsstigi

Mikil eftirspurn er eftir uppbyggingu innviða, og þá sér í lagi íbúðarhúsnæðis. Í tengslum við slíka uppbyggingu hafa sveitarfélögin lagt hinar ýmsu kvaðir á uppbyggingaraðila á skipulagsstigi eða í tengslum við t.d. útgáfu deiliskipulags. Of íþyngjandi kvaðir og óskýrleiki varðandi einstaka heimildir sveitarfélaga til gerð slíkra kvaða geta dregið úr bæði möguleikum og hvata til uppbyggingar. Það er mikilvægt að heimildir sveitarfélaganna að þessu leyti séu alveg skýrar og er því brýnt að setja skýran ramma utan um heimildir sveitarfélaga til að áskilja sér greiðslur og setja kröfur vegna uppbyggingu í sveitarfélaginu, í nánum tengslum við skipulagsvaldið. Samtökin telja ekki hjá því komist að greina, í grænbók um skipulagsmál, heimildir sveitarfélaganna og þær áskoranir sem þessari framkvæmd fylgir.

Samtökin þakka tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum um grænbók um skipulagsmál og óska þess að tekið verði tillit til framangreindrar athugasemda við áframhaldandi vinnslu málsins.


Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Árni Grétar Finnsson
lögmaður á efnahags- og
samkeppnishæfnisviði SA

f.h. Samtaka iðnaðarins



Björg Ásta Þórðardóttir,
yfirlögfræðingur SI

¹ <https://www.landsnet.is/utgafa-og-samskipti/ritogskyrslur/kerfisaetlun-2023-2032/>